

FRJÁLS

PALESTÍNA

MÁLGAGN FÉLAGSINS ÍSLAND-PALESTÍNA – 1. TBL. 12. ÁRG. – JÚLÍ 2001

Kúgunin heldur áfram

Vopnahlé er það kallað en kúgunin heldur áfram; innilokunin, skerðing grundvallarmannréttinda, eyðilegging íbúðarhúsa, möguleikar fólksins á að og framfleyta sér og sínum ónýttir, ólífutré eru rifin upp, jafnvel hæsnaþú eru rudd með jarðytu og allt gjöreyðilag. Allar aðgerðir Ísraels hers miða að því að brjóta palestínsku þjóðina á bak aftur, freista þess að kúga hana til uppjafar með ofbeldi, skelfingu og morðum.

Einn af ógeðfelldari hryðjuverkamönnum sögunnar, stundum nefndur slátrarin Sharon, baðar sig í ljósi valdsins og ofbeldisins eftir að Ísraelar kusu hann forsætisráðherra. Nú er hann í Washington og eftir að hafa í sjónvarpsviðtölum kallað forseta Palestínu morðingja og sjúklegan lygara, bætir hann því nú við að menn megi ekki gleyma því að þar sem Arafat sé annars vegar þá sé ekki við þjóðhöfðingja að eiga heldur foringja hryðjuverkasamtaka. Þeir sletta skyrinu sem eiga það.

Það er ekkert vopnahlé og það eru heldur ekki neinar friðarviðræður í gangi. Það sem í uppsigli-ningu er mótast af því hvers konar forystu Ísraelar hafa kosið sér og hvers konar öfl hafa undirtökin í ísraelsku þjóðlífi. Ennfremur hvaða hernaðarmátt Ísrael hefur tryggt sér með fulltingi banda-

riskra stjórnvalda og sionista, það er þeirra gyðingasamtaka sem styðja í einu og öllu yfirgang Ísraela gagnvart sínum nágrönn-um.

Horfur á raunverulegum frið-arviðærðum eru ekki góðar við þessar aðstæður. Palestínumenn eru sem fyrr tilbúnir til slíkra við-ræðna þrátt fyrir allt sem á undan hefur gengið. Þeir gera ekki kröfu til annars en að Ísraelar fari að ljúðalögum og samþykktum Sameinuðu þjóðanna og skili svæðunum sem her-tekinn voru af Ísrael árið 1967; Gazaströnd, Vest-urbakkanum og þar með Austur-Jerúsalem. Hér er um að ræða 22% af upphaf-legu landi Palestínu, sem þýðir að Ísraelsríki mun ná yfir 78% þess lands sem var Palestína árið 1947, er Sameinuðu þjóðirnar samþykktu tillögu um

að skipta landinu nokkurn veginn jafnt á milli gyðinga og araba.

Í kröfum Palestínumanna er því gert ráð fyrir mikilli eftirgjöf, því þar er sæst á hernámið 1948. Þær eru því sanngirnis- og rétt-lætiskröfur sem nær allar þjóðir heims styðja. Það eru í raun ein-ungis Ísrael og Bandaríkin sem eru á móti á vettvangi Sameinuðu þjóðanna en þar hafa Bandaríkin í reynd afhent Ísrael neitunarvald sitt. Þjóðum heims, ekki sist Ís-lendingum, er skylt að efla stuðninginn við baráttu Pal-estínumanna fyrir afnámi hernámsins og rétti flótta-manna til að snúa heim aftur. Núverandi ástand ógnar grundvelli alþjóðasamfé-lagsins, réttarsamfélaginu og heimsfriði.

Sveinn Rúnar
Hauksson

Útifundur á Austurvelli Myndir eru frá fundi sem Félagið Ísland-Palestina stóð fyrir á Austurvelli 9. desember sl., til að minnst þess að þann dag árið 1987 hófst Intifada Palestín-umanna. Á litlu myndinni eru þeir Steingrímur Her-mannsson, einn ræðumanna á fund-inum, og Sveinn Rúnar Hauksson, formaður FÍP. Auk Steingríms héldu ræður Þorvaldur Hlynur Árnason prófastur og þing-mennirnir Þórunn Valdímarsdóttir og Steingrímur J. Sig-fússon



unum frá 1967 [Austur-Jerúsalem, Vesturbakkanum og Gaza] og að réttur flóttamanna verði virtur.

– Ert þú sjálfur flóttamaður?

Nei, ég er ekki flóttamaður. En mér finnst ég, og börn mín, ekki geta lifað við frið og öryggi á meðan meirihluti þjóðar minnar er landflótta. Við Palestínumenn sem erum ekki flóttamenn erum aðeins 28% af þjóðinni.

– Hvernig er ástandið þar sem þú býrð í Betlehem á Vesturbakkanum?

Það er ekki gott að lifa undir hernámi. Hernámsliðið hefur gert palestínsk svæði að fangelsum og fangabúðum. Þú getur ekki ferðast frá þorpi til þorps, frá einum borgarhluta til annars. Þær aðgerðir Ísraelsmanna að nota þungavopn til árása á íbúðarhverfi eru ekkert annað en ríkis-hryðjuverk. Ísraelskir hermenn skjóta á barnaleikvelli, skóla, moskur, kirkjur, verksmiðjur og rafveitur. Þeir eyðileggja ólífutré, grænmetis- og ávaxtabylí og drepa börn og fullorna á meðan það situr í stofunni heima hjá sér eða sefur í rúmum sínum. Hvað get ég sagt? Ég get ekki heimsótt móður mína sem er í þorpi 20 km frá Betlehem. Palestínumenn í Betlehem geta ekki iðkað sína trú í Jerúsalem sem þó er í aðeins 6 km fjarlægð. Herir hernámsliðsins eru allstaðar og breiða út dauða og eyðileggingu. Betlehem er bær sem er heilagur í augum kristinna manna um allan heim. Áður en átökin hófust var herna mikið líf, en nú er þetta eins og draugabær. Efnahagur okkar, sem byggðist mikið á ferðapjónustu, er í rúst. Engir ferðamenn, engir píligrímar og engir gestir!

– Hefur fólk enn trú á friðarferlinu?

Trúðu mér, fólk vildi trú á hið svokallaða friðarferli. En nú trúir fólk aðeins á eitt: hernáminu verður að linna og flóttafólkið verður að fá rétt til að fá snúa aftur. Að öðrum kosti munum við Palestínumenn, sem og Ísraelsmenn, verða að horfast í augu við meiri átök og frekari hörmungar.

Friður mun komast á einhvern daginn, þegar grundvallarmannréttindi Palestínumanna eru

tryggð og skrifað verður undir réttlátt friðarsamkomulag.

– Telurðu mögulegt að Ísraelskir hermenn muni einhverntíma neita að skjóta á börn og óbreytta borgara á herteknu svæðunum?

Það mun koma að því að Ísraelskir hermenn óhlyðnist leiðtogum sínum. Þú getur þegar séð fyrstu merki þess í dag, en þó veit maður ekki hve mikil óhlyðni nær að myndast meðal þeirra. Ég trúir því að ekkert sé ómögulegt og allt sé mögulegt á meðan fólk heldur áfram að veita andspyrnu og viðheldur vonarneistanum. Ætli við séum ekki þjóð með mikinn baráttuanda sem trúir á breytingar. Þess vegna lítum við á Ísraelsku hermennina sem manneskjur sem ættu að finna fyrir og skilja hverskonar hrylling þeir eru að leiða yfir palestínsk börn og óvopnaða borgara. Við vonum að þessi hugsun byrji að mótast í hugum og hjörtum hermanna og fjölskyldna þeirra, og að þeir vilji koma í veg fyrir að þeirra börn drýgi samskonar glæpi og þeir í herbúningi.

– Kristinn stuðningsmaður Ísraels hér á Íslandi skrifaði í dagblaðagrein fyrir nokkrum misserum um að eftir að heimastjórn Palestínumanna tók við völdum í Betlehem hafi hún skipulega mismunað kristnum íbúum borgarinnar og nú væri svo komið að kristnir íbúar bæjarins væru aðeins hluti af þeim fjölda sem þeir voru fyrir Oslóar-friðarsamkomulagið. Er eitthvað til í þessu?

Hverju getum við Palestínumenn búist við af zionistum og stuðningsmönnum þeirra í heiminum? Við getum því miður búist við fullyrðingum á borð við þessa. Ég býð þér og þeim sem skrifaði þetta rusl til að heim-sækja Betlehem og „hjóta“ þess að sjá PLO og heimastjórnina mismuna hluta af sinni eigin þjóð og reka hana burt. Er þetta

brandari? Ef svo er þá er hann verulega slæmur! Betlehemsvæðinu er að mestu stjórnað af kristnum Palestínumönnum. Ég fer ekki meir út í bull af þessu tagi. En ég vil þó segja að PLO og allar þjóðarstofnanir Palestínumanna hafa ekkert með mismunum á sínu eigin fólki að gera, hvort sem er gagnvart samfélags- eða trúarhópum. Ef kristnum zionistum þykir vænt um kristni og mannréttindi kristinna manna ættu þeir að berjast gegn árásum Ísraelska hernámsliðsins sem er að eyðileggja Betlehem og drepa fylgjendur Jesú í Betlehem, Beit Jala og Beit Sahour. Eru þessar árásir Ísraels kannski hugsaðar til að bjarga fólkinu frá PLO og Palestínsku heimastjórninni?

– Getur almenningur á Íslandi eitthvað gert til að styðja við baráttu Palestínumanna gegn hernáminu?

Tvímælalaust! Það er ýmislegt sem hægt er að gera, þar á meðal að þrýsta á um að Íslensk stjórnvöld endurmeti stuðning sinn við stjórnvöld í Ísrael. Einnig skorum við á Íslenskan almenning að sniðganga Ísraelskar vörur þar til Ísraelsmenn fari eftir alþjóðalögum og samþykktum SP, þar á meðal samþykkt nr. 194 sem segir að palestínkir flóttamenn eigi að fá að snúa aftur til heimalands síns og að Ísraelsmenn fari frá herteknum svæðum Palestínumanna og araba sem tekin voru í stríðinu 1967. Við vonum að fólk á Íslandi horfi ekki á baráttu okkar fyrir mannréttindum frá sjónarhóli Ísraels, heldur sjái það sem er að gerast út frá mannlegu sjónarhorni.

Viðtal þetta var tekið í gegnum tölvupóst þann 21. apríl 2001.
Eldar
Ástþórsson

Árgjald 2001

Félagsmenn! Vinsamlega greiðið árgjald fyrir 2001, kr. 1.800, beint inn á reikning félagsins og sparið okkur þannig gíróseðilinn.

Kennitala félagsins er 520188-1349, banki nr. 542, Hb 26, reikningur nr. 6990.

Margir hafa þegar greitt félagsgjaldið og margir greiða það jafnt og þétt með greiðslukorti. Við þökkum þessu fólki fyrir skilvísar greiðslur.

Ísrael getur ekki verið ríki hernaðar að eilífu



**Viðtal
vö
Muham-
mad
Jaradat
sem berst
fyrir rétti
palest-
ínskra
flóttamanna**

Muhammad Jaradat er 37 ára Palestínumaður, fæddur í þorpinu Sa'ir nærri Hebron á Vesturbakkanum. Þegar hann stundaði nám í háskólanum í Betlehem hóf hann þátttöku í þjóðfrelsisbaráttu Palestínumanna og hefur hann eytt rúmlega fimm árum lífs síns í ísrælskum fangelsum. Muhammad er einn af stofnmeðlimum samtakanna Badil Resource Center for Palestinian Residency and Refugee Rights sem meðal annars miðlar upplýsingum um stöðu og réttindi þeirra 5,2

milljóna palestínskra flóttamanna sem búa innan og utan Palestínu. Badil Resource Center hefur undanfarið haldið úti baráttuherferð fyrir rétti Palestínumanna til að snúa aftur til heimalands síns, Badil's Right of Return Campaign, og er Muhammad einn af forystumönnum hennar.

– Hvað eru palestínskir flóttamenn margir og hvar búa þeir aðallega?

Palestínumenn eru í raun þjóð flóttamanna. Rúmlega 800.000 Palestínumenn voru hraktir frá heimilum sínum þegar Ísraelsríki var stofnað í stríðinu 1948. Þá voru um 535 palestínskir bæir og þorp lögð í rúst af herjum zionista. Palestínskir flóttamenn eru í dag um 5,2 milljónir. Þeir búa aðallega á Vesturbakknum, Gaza ströndinni, Jórdaníu, Líbanon og Sírylandi, en aðrir búa dreifðir um alla veröld. Einnig búa um 250 þúsund flóttamenn innan vopna- hléslínunnar frá 1948, núverandi landamæra Ísraelsríkis. Þeir hafa ísraelskan ríkisborgararétt en fá ekki að snúa til baka til heima- þorpa sinna.

– Hvers vegna er mikilvægt að krafa Palestínumanna um að fá að snúa aftur til heimalands síns verði virt?

Það eru nokkrar ástæður fyrir því að nauðsynlegt er að viður- kenna rétt flóttamanna til að snúa aftur og að séð verði til þess að þeir geti nýtt sér þennan rétt. Grund- vallarréttindi fólks, eins og eign- aréttur, er eitthvað sem ekki er hægt að semja um og má ekki nota sem skiptimynt í samninga- viðræðum. Markmiðið að gera Ísrael að hreinu ríki gyðinga felur í sér augljósa mismunum, allir sem trúa á gildi mannréttinda og eru á móti misrétti ættu að berjast gegn þessari hugmyndafræði kynþáttahaturs. Það er líka mikil- vægt að hafa það hugfast að 72% palestínsku þjóðarinnar eru flóttamenn. Friðarsamningar verða að

njóta stuðnings meirihluta palest- ínsku þjóðarinnar og skila meiri- hluta hennar grundvallar mann- réttindum til að þeir geti talist réttlátir og átt möguleika á að ganga upp. Það verður enginn varanlegur friður fyrr en stjórn- völd í Ísrael viðurkenna ábyrgð sína á sköpun flóttamanna- vandamálsins og samþykki að leysa það í samræmi við alþjóða- lög og samþykkt S.þ. númer 194, sem segir að flóttamenn eigi sjálfir að fá að ráða hvort þeir vilji snúa aftur til heimalands síns.

– Telurðu líkur á að Ísraelar muni einhverntíman viðurkenna rétt flóttamanna til að snúa aftur?

Fyrr eða síðar munu Ísraels- menn verða að viðurkenna rétt flóttamanna til að snúa aftur. Ísrael getur ekki verið ríki hernaðar, sem reiðir sig á stuðning Banda- ríkjanna og Evrópu, að eilífu. Eina tækifærið á áframhaldandi tilveru Ísraelsríkis er að réttur flóttamanna til að snúa aftur verði virtur. Annars mun Ísraelsríki þurfa að horfast í augu við stöðuga bar- áttu sem ungir Palestínumenn og kynslóðir araba, sem eru vel menntaðar og meðvitaðir um ein- staklingsrétt sinn og rétt þjóðar sinnar, munu halda uppi. Hin nýja Intifada uppreisn er gott dæmi um hvað Oslóar-friðarsam- komulagið skilaði Palestínumönnum. Fólkið ákvað að stóla á friðar- ferlið í heil sjö ár. Leiðtogar Ísraels höfðu ekki áhuga á friði. Þeir héldu að hægt yrði að sniðganga rétt Pal- estínumanna með endalausum „samningaviðræðum“ á meðan þeir byggðu landnemabyggðir á palestínsku landi, héldu pólitískum föngum, hreinsuðu Jerúsalem af arabískum áhrifum, niður- lægðu fólk með takmörkunum á ferðafrelsi þeirra, neitaði að viður- kenna ályktanir S.þ. og svo framvegis. Þess vegna kom hin nýja Intifada ... til að hrista upp í Ísraelskum leiðtogum og almenn- ingi og senda skýr skilaboð um að það verður engin friður nema Ísraelsmenn fara frá herteknu svæð-

FRJÁLS PALESTÍNA

Málgagn Félagsins
Ísland-Palestína
1. tölublað, 12. árgangur
júlí 2001

Ritstjóri:
Eldar Ástþórsson

Höfundar efnis:
Eldar Ástþórsson
Sveinn Rúnar Hauksson
Viðar Þorsteinsson
Þorvaldur Örn Árnason

Útlit og umbrot:
Haukur Már Haraldsson

Stjórn Félagsins
Ísland-Palestína:

Formaður:
Sveinn Rúnar Hauksson
Varaformaður:
Eldar Ástþórsson
Ritari:

Guðbrandur Gíslason
Gjaldkeri:
Þorvaldur Örn Árnason
Meðstjórnandi:
Sigurlaug Ásgeirsdóttir
Varastjórn:
Faraj Shwaiki
Viðar Þorsteinsson

Utánáskrift:
Félagið Ísland-Palestína
Glaðheimum 8
Sími og fax: 553-1302
Netfang: palestina@palestina.is

Sex myrtir á Landdegi Palestínnumanna

Þann 30. mars síðastliðinn voru 25 ár síðan Ísraelsmenn tóku 5.500 ekrur lands Palestínnumanna eignarnámi í Galíleu í norðurhluta Ísraels. Á undan og fyrst eftir landránið voru svæðin lokuð Palestínnumönnum og yfirlýst sem „lokuð öryggisvæði hersins“ (e: closed military zones) en síðar hófu Ísraelskir „landnemar“ búskap á svæðunum. Ísraelski herinn myrti 6 Palestínnumenn, særði 96 og handtókú rúmlega 300 þegar svæðin voru tekin eignarnámi árið 1976. Atburðurinn hafði mikil áhrif meðal Palestínnumanna búsettra innan landamæra Ísraelsríkis, sem oft eru kallaðir ísraelskir arabar í fjölmiðlum, og syndi að þeim að þeir væru annarsflokks íbúar í ríki ætlað gyðingum.

Palestínnumenn hafa minnst landránsins í Galíleu árlega á hinum svokallað Landdegi. Tilgangur hans er meðal annars að mótmæla áframhaldandi landráni Ísraelsmanna sem fer aðallega fram á herteknu svæðunum; Gaza og Vesturbakkanum. Þar eru landsvæði Palestínnumanna tekin undir landnemabyggðir gyðinga, sem torveldar möguleika Palestínnumanna til að stofna eigið ríki og að friðsamleg lausn náist á átökunum í Palestínu. Landrán Ísraels eru ólögleg samkvæmt Genfarsáttmálanum og samþykktum S.P. Heimastjórn Palestínnumanna vill einnig meina að nýjar landnemabyggðir stríði gegn Oslóar friðarsamkomulaginu sem undirritað var árið 1993.

Í mótmælum Palestínnumanna á Landdeginum voru sex Palestínnumenn drepnir og yfir 100 særðir af Ísraelska hernámsliðinu. Þeir látnu voru allir óvopnaðir; *Sha'ban Sa'ed Salloum* (31 árs frá Balatah flóttamannabúðunum við Nablus) sem skotin var í



Eldar Ástþórsson
skrifar

höfuðið með vélbyssu, *Ahmad Mahmoud Marahil* (16 ára frá Balatah flóttamannabúðunum) sem lést af skoti í hálsinn, *Ayesh Ghazi Mustafa Zamel* (19 ára frá Dier al-Hatab við Nablus) sem lést af skoti í höfuðið, *Murad Sharay'ah* (21 árs frá Balatah flóttamannabúðunum) sem lést af skoti í höfuðið, *Khaled Shihadeh Nakhleh* (27 ára frá Nablus) sem lést eftir skot í höfuðið) og *Mohammad Abd al-Muhsen al-Wawi* (21 ára frá Betunia við Ramallah) sem lést af skoti í höfuðið.

Að sögn sjónarvotta voru mótmælin friðsamleg þar til ísraelskir hermenn hófu skothríð á mótmælendur. Þá hófust „átök“ milli mótmælenda, sem beittu steinum, og ísraelskra hermanna sem beittu vélbyssum og rifflum og skutu gúmmikúlum og hefðbundnum byssukúlum. Síðan ný uppreisn Palestínnumanna gegn hernámi Ísraels hófst í septemb-

er hafa meira en 410 Palestínnumenn fallið og tala særðra er komin í 12 þúsund.

(Byggt á tilkynningum mannréttindasamtakanna Al-Haq [alhaq.org] og óháðu samtakana Miftah [www.miftah.org] sem hafa mannréttindi og lýðræði í Palestínu að leiðarljósi.)

Er hægt að leysa deilu Ísraels og Palestínnumanna?

Þann 10. apríl síðastliðinn var haldin opinn umræðufundur um ástandið í Mið-Austurlöndum í húsnæði Reykjavíkur Akademiunnar í JL-húsinu undir yfirskriftinni „Er hægt að leysa deilu Ísraels og Palestínnumanna?“. Fundurinn var á vegum Félags stjórnmálafræðinga og Reykjavíkur Akademiunnar og var prýðilega sóttur, en 20–30 manns komu og tóku þátt umræðunni.

Við upphaf fundarins flutti dr. Magnús Þorkell Bernharðsson, aðstoðarprófessor við Hofstra háskólann í New York, stutt erindi um ástandið í Ísrael og Palestínu. Síðan tóku við almennar umræður og virtist samúð flestra sem tóku til máls liggja hjá Palestínsku þjóðinni.

Eldar Ástþórsson

Fáni Palestínu

Á síðasta aðalfundi Félagsins Ísland-Palestína kom fram spurning um hvernig hægt væri að verða sér úti um Palestínska fánan. Fátt var um svör þannig að undirritaður kannaði málið og komst að því að hjá bandaríska fyrirtækinu Regal flags & poles, www.flags.com, er hægt að kaupa fána Palestínu í hinum ýmsu stærðum. Verðið er frá 34\$ upp í 94,50\$ eftir stærð. Hægt er að borga með kreditkorti, „money orders“ og ávísunum. Nauðsynlegt er að hafa samband við fyrirtækið til að athuga hver sendingarkostnaðurinn er til Íslands áður en pantað er.

Bein slóð að palestínska fánanum á netinu er <http://www.flags.com/unmembersmnopqr.htm>. Einnig er hægt að hafa samband við Regal flags & poles í síma 1-800-858-8777, fax 1-410-239-7548 og rafpóst regalflags@aol.com. Vafalaust eru fleiri fyrirtæki á vefnum sem geta útvegað palestínska fánan en þetta virtist hafa reynslu af því að selja fána út um allan heim og gott úrval af stærðum.

Eldar Ástþórsson

Grundvallaratriði að hernámi Ísraelsmanna linni



Viðtal við Sam Bahour frá Ramallah, Vesturbakkanum

Þrútt fyrir hernámið, einangrunina og hið hræðilega ástand sem ríkir í Palestínu í dag reynir viðskiptamaðurinn Sam Bahour að halda starfsemi sinni þar gangandi. Hann er framkvæmdastjóri fyrirtækisins Arab Palestinan Shopping Centers, sem sér um að byggja verslunarmiðstöðvar í Palestínu, og er einnig eigandi ráðgjafar- og upplýsingafyrirtækisins Applied Information Management. Hann hefur einnig beitt sér fyrir mannréttindabaráttu Palestínnumanna með greinaskrifum og sem meðhöfundur bókarinnar „Homeland: Oral History of Palestina and Palestinians“ sem Interlink Publishing Groups gaf út árið 1994.



Sam er af palestínskum uppruna en fæddist í Ohio ríki í Bandaríkjunum árið 1964. Hann fluttist til Palestínu eftir Oslóarsamkomulag PLO og Ísraelsmanna árið 1994 til að sjá um einkavæðingu símageirans á svæðinu og aðstoða við uppsetningu Palestinan Telecommunication Company. Hann er nú búsettur í Ramallah á Vesturbakkanum.

– Hvernig er ástandið í Ramallah í dag?

Það er mjög eldfimt. Þó við heyrum ekki í stanslausri skothríð, eins og ég hef í raun gert síðustu sex mánuði, fara mótæmli og átök fram daglega. Allir eru þreyttir, pirraðir og komnir með

nóg af stefnu Bandaríkjamanna, Ísraela og alþjóðasamfélagsins sem horfir afskiptalaust á að framtíð okkar er lögð í rúst fyrir framan nefið á sér.

– Hvernig gengur að reka fyrirtæki undir hernámi Ísraelsmanna?

Það er ekki auðvelt. Við höfum upplifað erfiða tíma áður, en þó ekkert í líkingu við það sem er að gerast núna. Við höfum þó ekki um annað að velja en að halda áfram að lifa lífinu. Ég, ásamt stjórn fyrirtækisins, tók ákvörðun um að halda áfram byggingu fyrstu nútíma verslunarmiðstöðvarinnar í Palestínu. Það verkefni hófst í apríl 1999 og er enn ekki lokið. Við ætlum að halda verkefninu áfram og gera okkar besta til að ljúka því, þrátt fyrir það hve erfiðt ástandið er.

– Ertu bjartsýnn á að hið svokallaða friðarferli milli Palestínnumanna og Ísraelsmanna haldi áfram?

Bjartsýni er of sterkt orð. Einnig finnst mér orðið ferli nokkuð loðið í þessu samhengi. Við trúum því að réttlætið sigri að lokum og hernáminu linni. Hvort það sem er í gangi núna í Palestínu sé hluti af einhverju ferli eða hvort alþjóðasamfélagið opni augun fyrir því sem er að gerast á enn eftir að koma í ljós.

– Hvaða lausn telur þú mögulega á deilum Ísraela og Palestínnumanna?

Ég held að þetta endi á því að til verða tvö ríki í hinni upprunalegu Palestínu þar sem Vesturbakkinn, Gaza og Austur-Jerúsalem verða hluti af palestínsku ríki og aðrir hlutar þess muni áfram tilheyra Ísrael. Ég hefði helst viljað að stofnað yrði eitt ríki á svæðinu þar sem báðar þjóðir gætu lifað saman og verið jafn réttháar, en ég held því miður að við séum komin of langt frá þeirri lausn. Þar vegur þyngst krafa Ísraelsmanna um að gyðingar verði að

vera í meirihluta í Ísrael. Til að friður náist er algjört grundvallaratriði að Ísraelsmenn hætti ólöglegu hernámi sínu í Austur-Jerúsalem, Vesturbakkanum og Gaza.

– Þú hefur líkt stefnu Ísraelsmanna við stefnu apartheid stjórnarinnar í Suður-Afríku. Af hverju?

Af þeirri einföldu ástæðu að í Suður-Afríku réð minnihluti fólks yfir meirihlutanum í krafti kúgunar og kynþáttamismununar. Hér í Palestínu halda 200.000 landnemar Palestínnumönnum í herkví í sínu eigin heimalandi og mismuna þeim á fjölmargan hátt af þeirri einu ástæðu að þeir eru Palestínnumenn. Þetta er kynþáttahatur af verstu tegund. Ólíkt því sem gerðist í Suður-Afríku leika Bandaríkjamenn stærra hlutverk í því sem er að gerast hér með því að styðja Ísraelsmenn.

– Hverju heldurðu að þessi síðari Intifada uppreisn skili Palestínsku þjóðinni?

Það er erfiðt að segja. Ég vona að með tímanum skili margra ára barátta okkar, og allar þær fórnir sem við höfum þurft að færa, sér í réttlæti til handa Palestínnumönnum innan landamæra Ísrael, þeirra sem lifa undir hernámi og þeirra sem búa í flóttamannabúðum utan heimalandsins.

[Viðtal þetta var tekið í gegnum tölvupóst þann 26. apríl 2001.]

Eldar Ástþórsson

Við minnum félagsmenn og aðra lesendur á glæsilega og efnismikla heimasíðu Félagsins Ísland-Palestína

www.palestina.is

Skellið ykkur á netið og skoð.

Átökin í Palestínu komin til Íslands?

Þótt margir segi mér að umfjöllun íslenskra fjölmiðla um átökin í Palestínu og Ísrael sé hlutlausari og réttlátari í dag en hún var fyrir nokkrum árum, þegar fyrri Intifada uppreisn Palestínumanna stóð yfir, er ég alls ekki sáttur. Þó fréttir frá svæðinu litist ef til vill minna af áróðri Ísraels, blaðamenn virðist almennt sæmilega upplýstir og athyglinni sé stundum beint að málstað Palestínumanna er ýmislegt í ólagi. Fjölmiðlar héraendis fylgja sömu línu og flestir fjölmiðlar á Vesturlöndum, þar sem ýmsu sem viðkemur óhæfuverkum Ísraels í Palestínu er sleppt og oft látið í það skína að baráttu Palestínumanna byggist á hryðjuverkum á meðan Ísraelar reyni að viðhalda stöðugleika á svæðinu.

Það vantar ekki að nóg sé fjallað um nýjustu uppreisn Palestínumanna og átökin á herteknu svæðunum í fjölmiðlum. Nánast daglega er farið yfir það hve margir hafi verið skotnir og særðir síðasta sólarhringinn og smám saman verður maður ónæmur fyrir öllum þeim fjölda barna, unglinga og fullorðinna sem drepinn er og limlestur. Minna er hins vegar fjallað um ástæður atakana og þá staðreynd að uppreisn Palestínumanna beinist gegn kúgun og hernámi Ísraelsmanna í heimalandi þeirra sem staðið hefur yfir í 34 ár á Vesturbakkanum og Gazasvæðinu.

Einnig gengur umfjöllun fjölmiðlanna oft út á að allt byggist á því að Palestínumenn taki því sem Ísraelar þjóa í friðarumleitunum og gefi þar með eftir kröfur sínar um að fá aftur hluta af landi sínu (Vesturbakkinn og Gaza eru



Eldar Ástþórsson
skrifar

22% af upprunalegri Palestínu) til umráða, að brottreknir Palestínumenn fái að snúa aftur til heimalands síns og að austurhluta Jerúsalems (sem ekkert ríki jarðar viðurkennir sem hluta af Ísrael) verði skilað. Í raun byggjast kröfur Palestínumanna einfaldlega á því að Ísraelar fari eftir alþjóðalögum og samþykktum S.þ. þar til friður verði

saminn sé hins vegar sjálfsgætt að Palestínumenn hafi sig hæga og spilli ekki friðarferlinu með uppþotum og hryðjuverkum. Palestínska þjóðin er ekki að ana út í andspyrnu við ofurefli Ísraels að gamni sínu. Þjóðin hefur fengið nóg af hernáminu og rís því upp gegn kúgunum sínum.

Það er athyglisvert að fylgjast með því orðalagi sem fjölmiðlar nota þegar fjallað er um átökin í Palestínu og Ísrael. Á meðan Palestínumenn eru „skotnir til bana“ eða „felldir“ af „Ísraelskum öryggisveitum“ eða hermönnum eru Ísraelsmenn án undantekninga „myrtir“. Einnig er gerður mikill munur á óhæfuverkum Ísraels og Palestínumanna. Það skiptir litlu máli hve hart Ísraelska hernámsliðið gengur gegn óbreyttum borgum og hversu marga þeir skjóta, limesta eða sprengja m.a. með eldfaugaárás-um úr herþryllum og sprengjuvörpum á íbúðarbyggðir. Talað er um „aðgerðir Ísraelsmanna“ eða „harðar aðgerðir“ þegar hrotta-skapurinn er hvað mestur. Á meðan eru árásir palestínskra hópa, sem stimplaðir eru sem „öfgamenn“ á íbúðarbyggðir í Ísrael kölluð „hryðjuverk“.

Mótmælin í Reykjavík
Þegar fyrstu mótmælin gegn fjöldamorðunum í Palestínu og

Ísrael voru haldin hér á landi um miðjan október 2000 hófu rúmlega 70 Palestínumenn verið myrtir. Viku síðar, við næstu mótmælastöðu, voru morðvigin orðin 90. Margir fjölmiðlar sáu sér ekki fært að birta tilkynningu eða segja frá fyrirhuguðum mótmælum og reyndist vera minna mál að lýsa eftir vitnum af árekstri á kyrrstæðri bifreið en að láta fólk vita af mótmælum gegn voðaverkum Ísraelsmanna. Ekki þýðir að vera bitur út af því, enda tókust báðar mótmælagöngurnar mjög vel. Verra er hins vegar hvernig umfjöllun fjölmiðla um mótmælin var háttæð.

Í fyrri mótmælunum kveikti ungur Palestínumaður í eftirlíkingu af ísraelska fánanum. Hann er búsettur á Íslandi og horfir á fjölskyldu sína og vini þjást við hernám Ísraels í heimalandi sínu. Fyrir vikið gerðu langflestir fjölmiðlar mótmælunum skil með ósmekklegru æsifrættamennsku og Sjónvarpið sagði í inngangi fréttar um þau að nú væru átökin á Vesturbakkanum og Gaza komin til Íslands. Hvað er að gerast?! Eru morð og limlestingar á fólki allt í einu orðin sambærileg við fánaíveikju á Laugaveginum?

Þar sem kröfur í báðum mótmælunum, fyrir sjálfsögðum sjálfsákvörðunarrétti Palestínumanna og gegn fjöldamorðum Ísraelskers, komust ekki almennilega til skila í fjölmiðlum er rétt að þær komi fram hér. Kröfurnar voru, og eru enn, þessar:

- * „Að Ísraelsstjórn stöðvi blóðbaðið þegar í stað!“
- * „Að Ísrael dragi her sinn til baka og skili öllum herteknum svæðum, þar á meðal Jerúsalem!“
- * „Að palestínskir flóttamenn fái að snúa heim og fái skaðabætur fyrir það sem þeir hafa misst!“
- * „Að allir pólitískir fangar verði tafarlaust látnir lausir!“
- * „Að gengið verði til samninga um raunverulegan frið sem byggist á tilverurétti beggja þjóða, ályktunum Sameinuðu þjóðanna og alþjóðalögum!“

Á síðari fundinum var því bætt við að „ríkisstjórn Íslands slíti öll tengsl sín við Ísrael.“

Eldar Ástþórsson

Undarleg umfjöllun íslenskra fjölmiðla

Grimmdarlegar árásir Ísraela fordæmdar

**Stjórn
Félagsins
Ísland-
Palestína
sendir frá
sér
eftirfarandi
ályktun 21.
maí 2001**

Félagið Ísland-Palestína fordæmir harðlega grimmdarlegar árásir Ísraels hers á varnarslausa íbúa herteknu svæðanna sem nú sæta daglegum sprengjuárásum frá árásarþryl- um, skriðdrekum og sprengju- flugvélum af fullkomnustu gæð. Nú hafa á sjötta hundrað manns fallið í árásum Ísraels hers og landtökumanna, þar af um 200 börn undir 18 ára aldri og nærri eitthundrað stúdentar. Tala sæðra og limlestra nálgast 25.000 og eru 40% þeirra börn. Fjöldi fatlaðra af völdum þessara ára er kominn upp í 2.300 manns sem eru nærri jafnmargir og urðu örkumla í fyrri Intifada- uppreisn Palestínumanna árin 1987-1992. Fjórir palestínskir læknar hafa verið drepnir. Hernám Ísraela á palestínsku landi og sívaxandi landtaka þeirra fela í sér margföld brot á alþjóða- lögum og samþykktum Sam- einuðu þjóðanna.

Samkvæmt Genfarsáttmálan- um er hernámssveldi ábyrgt fyrir öryggi íbúanna. Í þessu ljósi eru loftárásir Ísraels hers og morð dauðasveita þeirra, sem leita uppi ákveðna einstaklinga og taka þá af lífi án dóms og laga, enn glæp-

samlegri en ella. Hér er um að ræða ríki sem reynir að flagga lýðræði en ástundar í þess stað hryðjuverk fyrir opnum tjöldum.

Félagið bendir á að hernámið er undirrót átakanna og full ábyrgð hvílir á Ísraelsstjórn og hernáms- liðinu gagnvart þeim ódæðisverk- um sem unnin eru jafnt af hendi Ísraels hers og landtökuliði sem og palestínskum aðilum. Það skal jafnfram áréttað að þjóð sem býr við hernám hefur samkvæmt stofnsáttmála S.þ. ótvíræðan rétt til að veita andspyrnu til að losa sig undan hernáminu.

Félagið Ísland-Palestína tekur undir þær kröfur sem hljóma um heim allan að Palestínumenn á herteknu svæðunum fái alþjóð- lega vernd. Palestínumenn eru herlaus þjóð, að því leyti sviðuð Ís- lendingum, og hún á enga möguleika á að verjast Ísraels her, einum fullkomnasta og öflugasta her í heimi.

Félagið minnir á samhljóða ályktun Alþingis frá 18. maí 1989 þar sem lögð er áhersla á að viðurkenna sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar, tilveru- rétt Ísraelsríkis og rétt palest- ínskra flóttamanna að fá að snúa aftur til fyrri heimkynna sinna í

samræmi við margitrikaðar álykt- anir S.þ. Félagið skorar á íslensk stjórnvöld að slíta stjórn mála- sambandi við Ísrael á meðan þetta ríki telur sig hafið yfir alþjóðalög og samþykktir S.þ.“

Amnesty International fordæmir morð Ísraels- manna

Þann 21. febrúar birtu mann- réttindasamtökin Amnesty International skýrslu um átök- in í Mið-Austurlöndum. Í henni kemur fram að samökin for- dæma „ríkismorð“ (State assassinations) Ísraelsmanna á óbreyttum Palestínumönn- um. Jafnramt fordæma sam- tökin árásir vopnaðra hópa Palestínumanna á óbreytta Ís- raelsmenn og byggðir Ísraels- manna.

Skýrslan er unnin eftir heimsókn sendinefndar Am- nesty International til herteknu svæðanna; Gaza og Vesturbakk- ans. Í henni kemur fram að ís- raelskar öryggisveitir hefðu hæglega getað handtekið suma þeirra sem þær skutu til bana. Nefnt er dæmi um leigubil- stjórnann Hani Abu Bakra sem grunaður var um aðild að Hamas samtökunum og var skotin til bana í desember af fimm Ísra- elskum hermönnum af 2 metra færi þegar hann var að keyra mini-rútu. Einn af farþegunum lést einnig í skotárásinni og annar örkumlaðist.

„Samþykki Ísraelsmanna við ólögætum drápum og það að hvert dráp skuli ekki vera rannsakað af öryggisástæðum leiðir til samviskuleysis ísra- elskra hermanna og ýtir undir hringrás ofbeldis og hefnda á svæðinu.“ Sendinefndin lýsir einnig yfir áhyggjum sínum að ísraelskar öryggisveitir noti vopn á borð við sprengivörpuna M203, en sprengjur úr henni springa í 15 metra hæð og drepa eða særa fólk á stóru svæði.

Eldar Ástþórsson





ur að reyna að koma af stað umræðu og fara dýpra í málin.”

Fam komu hljómsveitirnar 200.000 naglbítar, Stjörnukeisri, Mínus, Vígspá, Snafu, Andlát og tónlistarmennirnir MC Sezar A, Blaz Roca og Vivid Brain. Fulltrúar FÍP og Ungra sósíalista tóku til máls, sýnt var myndbrot frá ferð Sveins Rúnars Haukssonar



til Palestínu og bækur og annað upplýsingaefni var á boðstólum. Á veggjum Kakóbarsins var komið fyrir blaðaúrklippum, greinum og öðrum upplýsingum um málefni Palestínu og Ísraels. Aðgangur á tónleikana og málþingið var ókeypis, en á staðnum fór fram neyðarsöfnun félagsins til stuðnings hjálparstarfi í Palestínu og söfnuðust rúmar 20.000 krónur. 20 nýjrir félagsmenn gengu í FÍP á samkomunni.

Rökk í Hátíðarsal MH

Seinni tónleikarnir fóru fram í þann 12. maí í Hátíðarsal MH og að þeim stóð Félagið Ísland-Palestína í samstarfi við Listafélag MH. Tónleikarnir voru vel sóttir, u.þ.b. 250 manns mættu og fimm flytjendur; múm, XXX Rottweiler hundar, Vígspá, Andlát og Skurken. Palestínski fáninn hékk fyrir ofan sviðið, ásamt veifu með áletruninni „Frjáls Palestína“. Komið var upp bási við innganginn þar sem hægt var að skoða gömul tölublöð af Frjálsri Palestínu og ganga í félagið.

Nokkur fjárupphæð safnaðist, en talsverður kostnaður var við hljóð- og ljósakerfi o.fl. Félagið naut dyggs stuðnings félaga Listafélags MH við skipulagningu tónleikanna, og fá þeir bestu þakkir fyrir. Fjölmiðlar sýndu samkomunni talsverðan áhuga, og birtust viðtöl í Morgunblaðinu, á Skjá einum, Rás 2 og Radíó X, og frétt á áberandi stað í Fréttablaðinu. Því má segja að tónleikarnir hafi vakið athygli á félaginu okkar og því málefni sem við berjumst fyrir, frjálsri Palestínu. Vö þökkum öllum þeim sem sýndu okkur stuðning og áhuga.

Viðar Þorsteinsson og Eldar Ástþórsson





Vakning

Rokkað fyrir Palestínu!

Tvennir tónleikar voru haldnir í vetur og vor til að safna peningum fyrir stríðshrjáða Palestínunum og vekja fólk til umhugsunar um ástandið í Palestínu og Ísrael. Báðir tókust þeir með eindæmum vel og hafa vafalaust átt einhvern þátt í að opna augu ungs fólks fyrir því hróplega óréttlæti sem viðgengst fyrir botni Miðjarðarhafs, en stærstur hluti nýrra félagsmanna sem

gengu í Félagið Ísland-Palestína er einmitt ungt fólk. Allar þær hljómsveitir og tónlistarmenn sem tróðu upp á tónleiknum gáfu vinnu sína!

Vakning í Hinu húsinu

Fyrri tónleikarnir, sem fóru fram 9. desember á Kakóbar Hins hússins, voru í raun meira en bara tónleikar. Um var að ræða samblöndu af málþingi og tónleikum undir heitinu Vakning, sem stóðu í rúmlega sjö klukkustundir og voru

herlegheitin skipulögð af eldhugunum Bóasi Hallgrímssyni og Melkorku Óskarsdóttur sem eiga sannarlega hrós skilið fyrir framkvæmdina. „Við erum þeirrar skoðunar að afskiptaleysi eigi ekki að einkenna þjóð okkar, allra síst æsku landsins. Skeytingarleysi teljum við að eigi rætur sínar að rekja í þekkingarleysi á málsváttum. Sláandi fyrirsgagnir og óhugnanlegar myndir slá ryki í augu okkar og fáir gefa því gaum um hvað deilan snýst raunverulega. Þess vegna langar okk-



þekki ekki lengur. Þú líkist lífinu eins og það á að vera en er ekki lengur. Nokkrum lögum seinna klappar maðurinn minn á öxl mér. Ég tek eyrnatólið af öðru eyra og hlusta á hvað hann hefur að segja. Núna eru þeir að sprengja al-Bir-eh, rétt hjá Ramallah. Ég sem hélt að hann ætlaði að spyrja mig hvort mig langaði út að borða, eða í göngutúr að finna rósailminn, eða fara í bíó ... eða jafnvel fara og hlusta á jazz!

Æ, afsakið minnstapið. Örskotsstund gleymdi ég að ég væri í Palestínu. Við gerum ekki svona bjánalega hluti hér. Við biðum frekar eftir því hvort við deyjum eða ekki. Alvarleikinn er okkar ær og kýr. Sprengjuárásir, flugskeytaárásir, líkin hrannast upp ... teldu Muna ... teldu alltaf. Teldu svo þú gleymir því ekki. Bráðum veistu kannski ekki hvað einn plús einn eru ... teldu og kastaðu upp ... kastaðu upp og teldu. Tapaðu þyngd, það er í lagi. Tapaðu vitinu líka ef þú þorir ... þetta er aðeins byrjunin. Þeir hafa enn ekki drepið nógu mörg okkar. Blóð hinna dauðu og særðu fyllir ekki einu sinni sundlaug enn. Ekki enn!

Á morgun kemur nýr dagur. Munum við vakna eður ei? Munum við lifa eður ei? Munum við missa handlegg, auga, nýra? Munum við vera í hópi eftirlifenda? Munum við lifa til að geta sagt frá? Og er við lifum ... mun einhver hlusta? Halló ... eruð þið þarna? Palestína kallar. P A L E S T Í N A !

Muna Hamzeh-Muhaisen,
Dheishah flóttamannabúðirnar
Palestína
(þýðing: Bergsteinn Jónsson)

Munið glæsilega og
efnismikla heimasíðu
Félagsins Ísland-
Palestína

www.palestina.is

Skellið ykkur á netið
og skæð.

Neyðarkall

Það er oft talað um að heimurinn sé orðinn lítill og vist er það að fólk ferðast heimshorna á milli rétt eins og menn skruppu bæjarleið áður fyrr. En það hefur lengi verið til síðs að rétta nágranna hjálparhönd ef hann býr við neyð. Palestínumenn eru orðnir nágrannar okkar. Þar er mikil neyð og margir tína lífi og limum dag hvern vegna vegna ofsókna ofstækisfulls herveldis sem byggðist upp á landi þeirra fyrir tilstuðlan Vesturveldanna.

Hernumið land

Árið 1947 úthlutuðu Sameinuðu þjóðirnar aðeins litlum hluta þess lands sem nú er undir yfirráðum Ísraels. Meirihluta landsins hefur Ísrael hernumið. Jerúsalem er t.d. hernumin borg. Með Óslóarsamkomulaginu létu Palestínumenn af kröfum um að fá til baka land sem tekið var af þeim með hervaldi 1948, en standa fast á því að fá sem mest af landsvæðunum sem hernumin voru í sex daga stríðinu 1967 og að flóttamenn fái að snúa heim. Það var þeirra ógæfa að Bandaríkjastjórn skyldi sveipa sig skikkju hins hlutlausa sáttasemjara, því þeir hafa alla tíða haldið Ísrael uppi, pólitískt, efnahagslega og hernaðarlega.

Ofsótt þjóð án mannréttinda

Aðeins um þriðjungur Palestínumanna býr á sjálfstjórnaðunum á Vesturbakkanum og Gasa. Svæði þessi eru öll sundurskorin af yfirráðasvæðum Ísraels (landnemabyggðum og vegum sem Ísrael ræður) og ferðafrelsi fólks er svo skert að mánuðum saman kemst það ekki til vinnu og útflutningur á vörum nánast ómögulegur. Af þessum sökum er efnahagur sjálfstjórnaðanna í rúst, sultur sverfur að og erfitt að halda skólum og heilsgæslu gangandi. Vel á þriðju milljón manna býr í flóttamannabúðum sem Sameinuðu þjóðirnar hafa tilsjón með.

Ofan á þetta ófrelsi bætist stöðug hernaðarógn, morð (ekki síst á börnum), eyðilegging íbúðarhúsa og akra með jarðytum og upptaka eigna. Hefnigirni sionista í Ísrael er óhugnanleg. Þeir virðast enn ekki hafa lært sitt eigið lögmál um auga fyrir auga og tönn fyrir tönn, því þeir þurfa helst að limlesta og drepa fjölda manns ef einhver skerðir hár á höfði eins þeirra. Hóprefsingar sem þessar stríða gegn alþjóðalögum, svo og ótal margt annað í þeirra daglegu hegðun.

Hjálpum þeim!

Síðustu mánuði hafa Palestínumenn beðið um alþjóðlega vernd gegn árásum Ísraelshers. Stórveldin hafa skellt skollayrum við þeirri bön. Hvers vegna? Hvers vegna stöðva landvinnu Serba og Íraka en láta morð og landvinnu Ísraela afskiptalaust?

Í Palestínu herjar eitt af öflugustu herveldum heims á óbreytta borgara sem langflestir eru vopnlausir. Þó að nokkr-

ir palestínskir skæruliðar hafi komist yfir vopn hafa flestir ekkert til að verja sig og réttindi sín með nema orð, berar hendur og grjót. Tölur um fallna eru til vitnis um mismun í hernaðarstyrk og grimmd. Þetta er því ekki stríð heldur morðárásir á óbreytta borgara. Það er íslenskum stjórnvöldum til skammar að láta afskiptalaus slík niðingsverk rétt utan við tungaröðinn.

Stóru féttamiðlarnir eru hallir undir þann sem meira má sín og gefa oftast hlutdræga mynd af átökunum í Palestínu. Það er auðvelt að kynna sér hvernig málið lítur út frá sjónarhóli hinna undirokuðu Palestínumanna, með því að fara inn á internetið, t.d. inn á nýja vefsíðu Félagsins Ísland-Palestína, www.palestina.is, þar sem m.a. er að finna slóðir mannréttindasamtaka í Palestínu og Ísrael.

(Greinin birtist í DV í apríl sl.)



Þorvaldur
Örn
Árnason
skrifar

Skrifið, fingur mínir, skrifið

Kæra dagbók:

Farið burt! Hættið! Látið okkur í friði! Hættið að sprengja ... það er nóg komið. Hve lengi í viðbót þurfum við að þola riffa ykkar, þylur, skriðdreka, táragas og byssukúlur??? Hve marga í viðbót þurfið að drepa undir því yfirskini að „vernda öryggishagsmuni ykkar“? Hvað um öryggishagsmuni okkar? Hver verndar okkur gegn slátrun ykkar ... Hver? Enginn að því er virðist. Alls enginn. Ekki alþjóðasamfélagið, svo sannarlega ekki Bandaríkin, og alveg örugglega ekki leiðtogar Arabaríkjanna.



Skynjið þið örvæntingu í skrifum mínum? Við hverju búist þið? Ég er þreytt á ógleðinni, þreytt á höfuðverknum, þreytt á að gráta þegar vinir mínir og nágrannar tala um kvöl sína, þreytt á að vera svona fjandi þreytt öllum stundum...þreytt á að finnast ég svona hjálparvana. Það voru þessar fjárans þylur. Þær voru að varpa sprengjum á Beit Jala, Beit Sahour og Alda flóttamannabúðirnar og þær flugu svo lágt ... svo byrjuðu sprengingarnar. Var klukkan 21:00 um kvöldið þegar ég vaknaði við þær? Ég man ekkert stundinni lengur.

Mér fannst eins og þyrlan væri í herberginu með mér ... mér leið eins og í rússneskri rúllettu ... Hvert verður næsta skotmark? Er Dheisheh á listanum í kvöld? Verður húsið okkar fyrir barðinu á sprengjunum? Ætti ég að fara úr rúminu og reyna að fela mig einhverstaðar?

Hvar? Mér dettur enginn öruggur staður í húsinu í hug. Ætti ég að fela mig undir rúminu??? Bjánalegt. Það eru bara börn sem fela sig undir rúmum, sem barn í stríðinu 1967, faldi ég mig undir rúminu. Ég er orðin of gömul fyrir það núna ... og við höfum gengið í gegnum of mörg stríð nú þegar.

Það er komið nóg ... og ég komin með nóg heimsbyggðinni. Af hverju stígur þú ekki inn í hringinn og bindur enda á her-setuna ... bara binda enda á her-setuna, það er það eina sem þarf að gera ... enda fjandans her-setuna sem lætur okkur ekki í friði ... sem drepur okkur.

Klukkan er 22:00 um kvöld ... nóttin er ung. Ef þú ert undir hersetu í Palestínu þýðir það að allt getur gerst. Dagurinn í dag gæti vel

verið okkar síðasti. Þessi hugsun ásækir okkur öll. Við hugsum um dauðann, um að deyja, um að vera drepin, um að hætta að vera til ... um þetta hugsum við linnulaust. Allt sem við gerum gæti verið í síðasta skiptið. Þetta er ekkert nema rússnesk rúlletta! Vitið hvernig maður spilar hana? Eða viljið að ég sýni ykkur hvernig?

Fjölmiðlarnir hópuðust til Beit Jala eins og krakkar á leið í Disneyland. Þeir tróðu myndavélunum, hljóðnemunum og skrifblokkunum í andlitin á öllum og spurðu: *Ísraelsmenn kveðast hafa gert sprengjuárásir á Beit Jala vegna þess að vopnaðir Palestínumenn skjóti á skjóli frá húsunum í Beit Jala. Hver eru viðbrögð ykkar?* Fyrirgefðu! Hvað sögðu þið?! Hver var spurningin? Hve margir óbreyttir ísraelskir borgarar hefa dáið frá upphafi al-Aqsa uppötanna? Hve margir óbreyttir ísraelskir borgarar hafa særst? Hve mörg Ísraelsk heimili hafa verið sprengd? Hve margir óbreyttir ísraelskir borgarar hafa lent fyrir barðinu á palestínskum eldflaug-

um, flugskeytum, sprengjum eða kúlum? Hve margir?! Svarið því, þið hlutlausu fólk ... þið sem leggið svo mikið upp úr því að fjalla um átökin með fréttum frá „báðum hliðum“. Fyrir ykkur erum við bara enn önnur fréttin...á skjánum í dag, horfin á morgun. Við erum hinir andlitslausu, nafnslausu, aldurslausu Arabar sem erum auðveld bráð ... eins og dádýr á veiðitíma.

En veröldin skelfur ekki undan dauða okkar. Engir jarðskjálftar ... engar hótanir um viðskiptabann á Ísrael ... hver myndi svo sem þora því? Við eigum þetta allt skilið, er það ekki? Þegar öllu er á

botninn hvolftr er þetta það sem kemur fyrir þá sem sækjast eftir frelsi og sjálfstæði ... einhver þarf að slást í leikinn og reka trýnin á

þeim aftur í svaðið, sýna þeim hver ræður ... vandamálið er bara að við neitum að deyja. Jafnvel í dauða okkar erum við lifandi. Mohammed og Rufaida og Mustafa og Mahmoud, og hinar þúsundirnar sem hafa látið lífið fyrir Palestínu þessi síðustu 52 ár, lifa öll ... þau lifa í hjörtum og hugum barna þeirra og barnabarna ... þau lifa í loftinu, í jörðinni, í trján-um, í himninum, í skýjunum ... og ávallt í hjörtum og hugum okkar allra.

Skrifið fingur mínir, skrifið. Hugsaðu heili, hugsaðu. Kvelstu hjarta, kvelstu. Kastaðu upp magi, kastaðu upp. Verkjaðu höfuð, verkjaðu. Og venjist þessu. Þetta er aðeins byrjunin, fleiri dagar, fleiri vikur sigla í kjölfarið. Þeir hafa ekki lokið sér af með okkur enn.

Nú svindla ég aðeins. Ég get ekki lengur haft eyrun óvarin, þyrluhljóð dýnja á þeim, ég þreytist líka á því að hlaupa að glugganum við minnsta hljóð. Ég set á mig eyrnatólin og spila gleðitónlist mjög hátt ... halló gleðitónlist! Langt er nú um liðið. Ég hef saknað þín. Þú táknar hversdag sem ég

Dagbók frá
Dheisheh
flóttamanna-
búðunum



„Lítill stúlka var á leið heim úr skólanum með skólatösku á bakinu. Hún var skotin til bana af Ísraelum. Þetta gerist daglega. Harmleikur minn var tekin upp á myndavél en þeirra er það ekki“
Jamal Al-Dura er faðir hins 12 ára gamla Mohammed Al-Dura, sem skotin var til bana af ísraelskum hermönnum í fangi hans fyrir framan sjónvarpsmyndavélar franskra fréttamanna. Sjúkraliði sem reyndi að koma þeim feðgum til bjargar var einnig drepinn af hernámsliðinu.

bílunum og hlaða þá aftur til þess að koma þeim til hinna lokuðu þorpa. Þetta gerist við eftirlitsstöðvar Ísraelsmanna.

Jafnframt hefur Alþjóðaráðið unnið að því að styðja og styrkja starfsemi Palestínska Rauða hálfmánans. Rauða hálfmánafélagið heldur uppi neyðarþjónustu fyrir þá sem særast í átökum, sér um sjúkraflutninga og rekur skyndihjálparstöðvar, og félagið rekur einnig fjölda heilsugæslustöðva.

Því miður er það svo að merki Rauða krossins og Rauða hálfmánans eru ekki virt af aðilum átakanna, hvorki af Ísraelsmönnum né Palestínimumönnum þó að yfirvöld beggja hafi lýst yfir vilja sínum um að fara að samningunum. Þannig hefur fjöldi sjúkrabíreiða á vegum Palestínska Rauða hálfmánans orðið fyrir skotárásum og þeir eyðilagðir og

sjúkrabílar á vegum ísraelska landsfélagsins hafa verið brenndir, orðið fyrir grjótkasti eða eyðilagðir með öðrum hætti.

Ég ætla nú að víkja stuttlega að því hvernig Rauði kross Íslands hefur stutt starf hreyfingarinnar á þessu svæði.

Fyrst er þess að geta að Rauði kross Íslands hefur mótað sér ákveðna stefnu í alþjóðastarfi þar sem skilgreind eru þau verkefni og landsvæði sem félagið leggur höfuðáherslu á. Þörfin fyrir aðstoð er óþrjótandi – eins og við vitum – og ætti að vera nóg að minna á að talið er að 1,3 milljarður manna í heiminum búi við sárustu örbirgð og um þessar mundir eru háð vopnuð átök á meira en 30 stöðum í heiminum.

Í stefnu félagsins segir að félagið leggi höfuðáherslu á heilbrigðismál og uppbyggingu

landsfélaga Rauða krossins þegar veitt er aðstoð erlendis. Brynt er að byggja upp landsfélög Rauða krossins í fátækum löndum svo að þau geti staðið á eigin fótum og unnið að því að bæta hag þeirra sem verst standa. Öflugt landsfélag er forsenda öflugrar starfsemi, m.a. á sviði heilbrigðismála sem eru hitt áhersluverkefni félagsins.

Önnur ástæða þess að félagið hefur ákveðið að beita sér í uppbyggingu landsfélaga og í heilbrigðismálum er að starfsfólk á aðalskrifstofunni hefur aflað sér töluverðrar reynslu og sérþekkingar á þessum tveimur málaflokkum.

Loks má nefna að takmarkaður mannaflí hefur þýtt að félagið hefur varast að dreifa kröftum sínum of víða. Þess vegna hefur verið lögð áhersla á að takmarka fjölda þeirra landa, sem unnið er í. Lögð hefur verið áhersla á að starfa aðallega í tveimur heimsálfum, þ.e. Afríku og Evrópu.

Miðausturlönd eru þess vegna ekki meðal þeirra svæða sem lögð er áhersla á, a.m.k. ekki með tvíhliða samstarfi. Undantekningin frá þessu er að árið 1993 veitti ríkisstjórnin 8 milljóna króna framlagi til Rauða krossins sem verja skyldi til uppbyggingarstarfs á sjálfstjórnarsvæðunum. Í framhaldi af því starfaði íslenskur hjúkrunarfræðingur við að byggja upp heilbrigðisþjónustu á sjálfstjórnarsvæðunum, aðallega við að endurskipuleggja og samhæfa rekstur heilsugæslustöðva Palestínska Rauða hálfmánans. Einnig var stutt við uppbyggingu og rekstur heilsugæslustöðvar í Biddu, sem er bæjarfélag skammt frá Jerúsalem.

Ágætu félagsmenn!

Við minnum enn og

aftur á félagsgjaldið.

Árgjaldið er 1.800 kr.

**og reiknings- og
bankanúmerin**

542-26-6990.

Kennitala félagsins

er 520188-1349

Oft erfitt að vera hlutlaus í hjálparstarfi

Kaflar úr erindi Sigrúnar Árnadóttur framkvæmdastjóra Rauða kross Íslands á aðalfundi FÍP 2001

Eins og þið líklega vitið er Rauða kross hreyfingin ópólitísk í hefðbundnum skilningi þess orðs. Óhlutrægni og hlutleysi eru meðal grundvallarmarkmiða hreyfingarinnar og með óhlutrægni er átt við að Rauði krossinn veitir fólki aðstoð án þess að gera greinarmun á fólki eftir þjóðerni þess, kynþætti, trúarbrögðum, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hlutleysi vísar til þess að Rauði krossinn tekur ekki afstöðu í deilum eða ófriði, hvort sem er vegna stjórnmála, kynþátta, trúarbragða eða annarar hugmyndafræði. Hins vegar leitast við að gæta hagsmuna fórnarlamba átaka.

Ykkur sem starfið í pólitískum samtökum og eruð ófeimin við að taka afstöðu í pólitískum deilumálum, finnst þetta e.t.v. vera einkennileg afstaða. En Rauða kross hreyfingin hefur náð útbreiðslu um allan heim einmitt vegna þessara hugsjóna og sérstöðu – nú eru Rauða kross eða Rauða hálfmána félög í 176 löndum. Grundvallarmarkmiðin um óhlutrægni og hlutleysi eru þannig hornsteinarnir í starfsemi hreyfingarinnar – þau eru lykillinn að því að Rauði krossinn geti starfað á áttaksvæðum og komið því fólki til hjálpar sem er fórnarlömb stríðsátaka. Merki hreyfingarinnar, rauður kross eða rauður hálfmáni á hvítum grunni, er tákni um að hjálparveitir hreyfingarinnar aðstoða fólk án tillits til skoðana þess eða uppruna og án tillits til þess hvorum megin víglínunnar það stendur í stríðsátökum.

Hlutleysið er vissulega hornsteinninn í starfinu en sá hornsteinn getur líka verið íþyngjandi eða fjötur um fót, ef svo mætti segja. Sendifulltrúar Rauða krossins, sem starfa á áttaksvæðum, horfa stundum upp á þannig aðstæður að þeim finnst vart annað vera hægt en að varpa hlutleysinu fyrir róða og vekja athygli alþjóðasamfélagsins á slíkum óhæfuverkum. En það er þeim ekki heimilt – sendifulltrúar eða aðrir þeir sem

starfa innan hreyfingarinnar mega ekki taka opinbera afstöðu í pólitískum málum – og það gerir hreyfingin heldur ekki sem heild. Stjórnvöld eða aðrir hópar eru þannig sjaldnast gagnrýndir opinberlega af Rauða krossinum, en það er þó ekki alveg einhliðt að þessari stefnu sé fylgt. Ef mál eru metin þannig að það þjóni betur hagsmunum fórnarlamba og því starfi sem verið er að vinna er farin sú leið beina sjónum umheimisins að því sem er aðfinnsluvert. Nýlegt dæmi um þetta er að í síðustu viku var haldinn fréttamannafundur í Ísrael þar sem Rauði krossinn gagnrýndi Ísraelsmenn fyrir brot á Genfarsamningunum, m.a. með því að hamla ferðafrelsi fólks í fjölda þorpa í Palestínu og trufla hjálparstarf með ýmsum hindrunum.

Að mínu áliti er þörf fyrir samtök sem taka eindregna pólitíska afstöðu, eins og t.d. ykkar félag, og það er líka þörf fyrir hlutlaus samtök eins og Rauða krossinn. Hvor um sig gegna mismunandi hlutverki og þau þurfa ekki á neinn hátt að vera andstæður heldur frekar mismunandi greinar á sama meiði. /.../

Alþjóðaráð Rauða krossins hefur margtírekað snúið sér til Ísraelskra yfirvalda til að knýja á um að þau virði Genfarsamningana á hernumdu svæðunum, en Ísrael fullgilti samningana árið 1951, reyndar með fyrirvara um einstök ákvæði þeirra og án þess að aðlaga landslög að þeim. PLO sendi svissnesku stjórninni tilkynningu þess efnis árið 1989 að samtökin virtu Genfarsamningana og viðbótarbókarnir tvær, en svissnesk yfirvöld sáu sér ekki fært að viðurkenna þessa tilkynningu formlega vegna óvissu um stöðu Palestínu sem sjálfstæðs ríkis.

En hvað er það sem Rauða kross hreyfingin er að gera á þessu svæði?

Á svæðinu starfar Palestínski Rauði hálfmáinn, Alþjóðasamband landsfélags Rauða krossins

og Rauða hálfmánnans og Alþjóðaráð Rauða krossins en það sérhæfir sig í að starfa á stríðsátaksvæðum. Ráðið er í raun sjálfstæð og óháð hjálparstofnun, sem stjórnað er af einstaklingum sem allir eru svissneskir borgarar. Á hinn bóginn er Alþjóðasambandið eins og orðið gefur til kynna samband allra landsfélaga og sérhæfir sig í stuðningi við landsfélög, þróunar- og uppbyggingarstarf vegna hamfara eða annarrar neyðar utan stríðsátaksvæða.

Alþjóðaráðið hefur starfað á hernumdu svæðunum frá upphafi átaka þar. Ráðið starfar í náninni samvinnu við Palenstínska Rauða hálfmánnann og Ísraelska landsfélagið, sem kennt er við Davíðsstjórnuna.

Á síðasta ári störfuðu 25 sendifulltrúar og 73 innfæddir aðstoðarmenn þeirra á á hernumdu svæðunum á vegum Alþjóðaráðsins. Meginhlutverk þeirra var að sinna palenstínskum föngum í Ísraelskum fangelsum – en einnig í fangelsum á vegum öryggisveita Palenstínnumanna – og að breiða út þekkingu á Genfarsamningunum, bæði meðal PLO-manna og Ísraelsmanna. Sendifulltrúarnir heimsóttu yfir 2 þúsund fanga á síðasta ári, og sáu um og skipulögðu yfir 60 þúsund heimsóknir ættingja þeirra frá Vesturbakkanum, Gaza og Gólan-hæðunum (þ.e. Syrlandsmegin). Alþjóðaráðið sá einnig um að koma meira en 8 þúsund Rauða kross skilaboðum áleiðis frá fólki á hernumdu svæðunum til ættingja þeirra sem búa í þeim löndum sem ekki hafa stjórnmálasamband við Ísrael.

Í febrúar [2000] hóf Alþjóðaráðið matvæladreifingu til fólks sem er innilokað á hernumdu svæðunum. Fólkíð kemst hvorki til vinnu né á markað. Gert er ráð fyrir að aðstoða um 35 þúsund manns sem búa í 60 bæjum á Vesturbakkanum. Það hamlar hjálparstarfinu að flutningamenn þurfa að taka matvæli og önnur hjálpargögn þrisvar sinnum út úr

SOS barnaporp í Palestínu

Félagið Ísland-Palestína vill vekja athygli fólks á starfsemi SOS barnaporpana í Palestínu. SOS rekur rúmlega 150 barnaporp um allan heim og þar af er eitt staðsett í Betlehem á Vesturbakkanum. Verið er að byggja annað barnaporp í Khan Younis í Gaza og svo rekur SOS tvö þorp innan landamæra Ísraels í Arad í Neradim og Migdal Haemek í Megadim. Í þorpum SOS er unnið mikið og þarft starf sem hjálpar þúsundum barna á hverju ári við að fóta sig í lífinu.

SOS barnaporpin eru rekin með styrktarframlögum. Með því

að gerast styrktarforeldri barns í SOS barnaporpi ertu að hjálpa því til langframa. Þú leggur þitt af mörkum til að tryggja barni í neyð uppvöxt í hlýju og öruggu fjölskylduumhverfi ásamt grunn- og framhaldsmenntun sem hjálpar því að lifa sjálfstæðu lífi síðar meir.

Styrktarforeldrar greiða 1.400 króna framlag til síns barn á mánuði. Peningunum er varið í útgjöld s.s mat, föt, skóla, heilsuvernd og laun til SOS-móðurinnar í þorpinu. Eina ábyrgðin sem þú tekur þér á hendur við að gerast styrktarforeldri barns er þessi

lágmarksgreiðsla sem hægt er að greiða mánaðarlega, ársfjórðungslega, hálfis árs fresti eða ársfresti með greiðslukorti, giróseðli, beingreiðslu eða í gegnum heima-banka. Styrktarforeldrar fá að fylgjast með uppveksti „síns barns“ í gegnum ljósmyndir af barninu og nákvæma skýrslu sem SOS barnaporpið sendir árlega.

Frekari upplýsingar um SOS barnaporpin má fá hjá skrifstofu samtakana á Íslandi; Hamraborg 1, 200 Kópavogur, sími 564-2910, fax 564-2907 og netfang sos@centrum.is. Einnig eru upplýsingar að finna á vefslóðinni www.centrum.is/sos.

Eldar Ástþorsson,

og ástandið í Mið-Austurlöndum

unarverðu hugrekki í að afhjúpa grimmdarverk og margs konar óhæfu sem Ísraelskir stjórn-málamenn bera á einn eða annað hátt ábyrgð á.

The Birth of the Palestinian Refugee Problem, eftir Benny Morris er nákvæm og heiðarleg úttekt á því hvernig leiðtogar zionista í Ísrael gerðu Palestínunum vísvitandi að flóttamönnum á árunum 1948–1949.

Stórskemmtileg og vel skrifuð úttekt á sögu deilunnar milli Ísraels og nágrannalöndanna, séð frá sjónarhóli ísraelskra stjórn-mála, er *The Iron Wall*, eftir Avi Schlaim, sem er prófessor í Oxford á Englandi og fyrrum ríkisborgari í Ísrael. Í bókinni nýtir höfundur sér óspart aðgang að skjalasöfnum í Ísrael sem ekki voru opin almenningi fyrr en nýlega þegar leynd yfir þeim fyrndist. Titill bókarinnar er dreginn af heiti greinar eftir einn af frammámönnum zionista á fyrri hluta 20. aldar, Ze'ev Jabotinsky, sem hélt því fram að eina leiðin til að Ísrael mætti lifa í friði væri að reisa „járnvegg“ utan um landið og beita araba innan hans og utan svo mikilli hörku að þeir neyddust á endanum til að semja um hag sinn alfarið á forsendum Gyðinga. Höfundur rekur sögu þessa hugsunarháttar allt frá valdatíð fyrsta forstætisráðherra

Ísraels, Ben-Gurion, og fram til Benyamins Netanyahu, ásamt því sem rás sjálfra atburðanna er gerð góð skil. Bókin er á heildina litið afar góð greining á utanríkisstefnu Ísraels á 20. öld, og veitir lesandanum lifandi innsýn í heim þarlendra stjórn-málamanna.

Fyrir þá sem vilja fræðast um ræturnar að stofnun Ísraels, er áhugavert að skoða *One Palestine, Complete*, eftir Tom Segev. Bókin fjallar um samskipti gyðinga og araba í Palestínu frá fyrri heimsstyrjöld og fram að sjálfstæðisfyrirlysingu Ísraels árið 1948, eða það tímabil þegar Bretar réðu yfir landinu sem verndarsvæði. Palestína var á þessum tíma mikill suðupottur ólíkra menningarheima. Þessu litla og afskekta landi var svipt inn í nútímann í hvirfilvindi heimsátaka þar sem á tókust zionistar, arabar, Bretar, Frakkar, Tyrkir, kristnir o.fl., sem að sögn höfundar höfðu hverjir um sig sínar eigin hugmyndir um framtíð „fyrirheitna landsins“. Höfundur horfir á sögu landsins í gegnum augu ólíkra einstaklinga, bæði í Palestínu og utan hennar, og oft verður úr mjög skemmtileg tíðarandalýsing.

Annað

Ekki verður hjá því komist að minnast á framlag *Noams*

Chomsky, sem iðulega hefur upp gagnrýnisródd sína þegar utanríkismál Bandaríkjanna ber á góma, til umræðunnar um Ísrael, en hann skrifaði bókina *The Fatal Triangle*, sem fjallar um tengsl þessara tveggja ríkja. Chomsky vekur máls á ymsu sem ekki er víst að öllu sé kunnugt um, svo sem gríðarlegum styrkjum sem Ísrael hlýtur ár hvert frá bandarískum skattborgurum í formi vopnabúnaðar og fjárgjafa.

Hlutlausa og nákvæma umfjöllun um deilur Ísraels og Palestínumanna má finna í riti *Marks Tessler, A History of the Palestinian Conflict*. Bókin er mjög áreiðanleg heimild í hvívetna, fer yfir sögu deilunnar frá öndverðu (mikið fjallað um Gyðinga í Evrópu og zionisma) og inniheldur mörg greinargóð kort og töflur.

Hvað internetið varðar, skal bent á hlekkjasiðuna hér á vef félagsins; www.palestina.is.

Að lokum

Meira en nóg er til af óvönduðum málflutningi og jafnvel hreinum áróðri um málefni Palestínu og Ísraels. Þeir sem eru í heiðarlegri sannleiksleit læra hins vegar smám saman að greina kjarnann frá hisminu, ef þolinmæðin er næg.

Viðar Þorsteinsson

Sharon ákærður fyrir fjöldamorð í Belgíu

Forsætisráðherra Ísraels, Ariel Sharon, hefur verið kærður fyrir belgískum dómstólum fyrir ábyrgð sína á fjöldamorðunum í flóttamannabúðunum

Utánríkisráðherra Danmerkur vill viðskiptahindranir á Ísrael

Mogens Lykketoft, utánríkisráðherra Danmerkur, lýsti því yfir í viðtali við Berlingske Tidentde 27. mars að Evrópusambandið ætti að setja viðskiptabann á Ísrael vegna áframhaldandi uppbyggingar landnemabyggða gyðinga á herteknu svæðunum. „Nýjar landnemabyggðir Ísraels á herteknu svæðunum og stækkun þeirra sem fyrir eru er ein hættulegasta hindrunin fyrir fríð í Mið-Austurlöndum (...) Nýjar landnemabyggðir Ísraels ganga þvert á ákvæði Genfarsáttmálans og munu aðeins leiða til frekara ofbeldis“.

Utánríkisráðherrann lét svipuð ummæli frá sér fara á dönsku sjónvarpsstöðinni TV 2 um daginn. „Ólöglegar landnemabyggðir á herteknu svæðunum, sem Ísraelsmenn hafa framkvæmt og Sharon og hans fylgismenn styðja, vinna mjög gegn möguleikum Palestínumanna á að stofna sitt eigið ríki“ Mogens hefur í hyggju að kynna hugmynd sína um að framferði Ísraels verði mætt með viðskiptahindrunum af halfu Evrópusambandsins fyrir öðrum utánríkisráðherrum þess.

Evrópusambandið hefur þegar ályktað að Ísraelar eigi að aflétta lokunum á svæðum Palestínumanna og greiða þau gjöld sem þeim ber samkvæmt friðarsamkomulagi sínu við PLO. Ályktunin kveður einnig á um að heima-stjórn Palestínumanna verði að grípa til aðgerða gegn spillingu og stefna að meira lýðræði á yfirráðasvæðum sínum.

Eldar Ástþórsson

Sabra og Shatila. Samkvæmt ákærinni er Sharon talin hafa leyft kristnum her-sveitum að ráðast inn í flóttamannabúðimar með þeim afleiðingum að 800 til 2.000 Palestínumenn voru myrtir. Búðimar voru staðsettar á svæði sem Ísraelski herinn réð yfir.

Kæran er lögð fram í samræmi við ný belgísk lög sem samþykkt voru árið 1993 sem gefur dómstólum leyfi að taka fyrir mál ein-

staklinga af hvaða þjóðerni sem er fyrir þjóðarmorð og glæpi gegn mannkyninu þótt þeir séu framdir fyrir utan Belgíu. Að kærinni stendur hópur af fólki sem er af palestínskum, líbönskum, marakóskum og belgískum uppruna. Sameinuðu þjóðirnar hafa flokkað fjölamorðin í Sabra og Shatila sem lið í þjóðarmorði. Ísraelsk rannsóknarnefnd komst að þeirri niðurstöðu árið 1983 að Sharon hefði óbeint borið ábyrgð á fjöldamorðunum, en sú niðurstaða varð varð til þess að hann sagði af sér sem utánríkisráðherra.

Lesefni um Palestínu

Edward Said er prófessor í bókmenntafræði við Columbia-háskóla í New York og er í hópi þekktustu talsmanna Palestínumanna. Hann nýtur almennrar virðingar fyrir fræðistörf sín, og ber þar hæst bókina *Orientalism*, sem er sögulega yfirgripsmikil og afar fræðileg úttekt á viðhorfum evrópskra fræðimanna, stjórnámalamanna, rithöfundu og landkönnuða sem skrifað hafa um Austurlönd í gegnum aldirnar. Said telur að þessi viðhorf, sem oftar en ekki sé best lýst sem fordómum og ranghugmyndum, séu enn til staðar í vitund Vesturlandabúa.

Öllu aðgengilegri er bók hans *Covering Islam*, sem er gagnrýni á óvandaðan fréttaflutning í Bandaríkjunum um þjóðfélög Múslima. Bókin var upphaflega skrifuð í tilefni af fjölmiðlafári í tengslum við gíslatökuna í bandaríska sendiráðinu í Teheran árið 1979, en hefur nú verið uppfærð og inniheldur fjöldamörg nýleg dæmi. Ítarlega umfjöllun Saids um sögu deilunnar milli Ísraels og Palestínumanna má finna í *The Question of Palestine* þar sem sagan er sögð frá sjónarhóli Palestínumanna.

Said hefur ekki legið á skoðunum sínum um ævina, og eru til eftir hann tvö greinasöfn. Greinar sínar hefur hann birt víða í dag-

blöðum og tímaritum, allt frá Dagens Nyheter í Svíþjóð til Al-Ahram í Egyptalandi. Fyrra safnið, *The Politics of Dispossession*, inniheldur greinar frá tímabilinu 1969 til 1994. *The End of the Peace Process* nær yfir tímabilið 1994 til 2000. Í seinni bókinni fer það viðhorf Saids ekki leynt, að hann telur Yasser Arafat og forystu PLO í heild hafa sviðið palestínsku þjóðina með Oslóarsamningunum. Bækur Saids hafa verið bannaðar af palestínskum yfirvöldum á hernumdu svæðunum.

Out of Place er sjálfssævisaga Saids.

Ísraelskir sagnfræðingar

Lengi vel eftir stofnum Ísraels var þar í landi haldið á lofti afar þjóðernissinnaðri túlkun á stríðinu 1948–1949. Sú mynd var dregin upp að vanmáttugt Ísrael hefði barist gegn ofurefli Arabaríkjanna en á endanum borið sigur úr býtum á kraftaverkakenndan hátt, rétt eins Davíð sem sigraði Golíat. Með þessari túlkun var hægt að mála harkarleg ofbeldisverk sem sjálfsvörn eða réttláta baráttu og var þetta lengi vel hin viðurkennda söguskoðun í Ísrael. Á síðari árum hafa ísraelskir sagnfræðingar tekið að gagnrýna þessa söguskoðun nokkuð, og margir þeirra gengið fram af aðdá-

Vegna frétt afluttnings Ríkissjónvarpsins frá Palestínu og Ísrael

Bréf Félagsins Ísland-

Palestína til Útvarpsráðs

Reykjavík, 22. maí 2001.

Félagið Ísland-Palestína lýsir hér með yfir áhyggjum sínum vegna hlutdrægs og yfirborðs-kenns frétt afluttnings undanfar-ið af ástandi mála á hernumdu svæðum Palestínumanna í frétt-um Ríkissjónvarpsins-Sjónvarps. Samkvæmt upplýsingum félags-ins var einum af fréttamönnum erlendu deildar fréttastofu Ríkis-útvarpsins-Sjónvarps boðið af ríkisstjórn Ísraels í sérstaka heimsókn til landsins, og þykir félaginu miður hvernig fréttir og viðtöl úr ferðinni snerust nær ein-vörðungu um hlið Ísraels á þess-um hörmulegum átökum, þar sem langmestum tíma var varið í viðræður við starfsmenn ríkis-stjórnar landsins.

Sú spurning hlýtur að vakna hvaða upplýsingagildi slík viðtöl hafi, þegar vitað er að nóg er af óhlutdrægum aðilum í Ísrael sem veitt gætu raunverulega innsýn í stöðu mála, a.m.k. samanborið við stjórnarindreka sem hlýtur

sem Ríkissjónvarpið kann að hafa sett sér varðandi heimboð ríkis-stjórna undir venjulegum kring-umstæðum, þá hefði í þessu tilfelli augljóslega mátt gera kröfu til meiri natni við að gera sjónarmiðum beggja aðila jafn hátt undir höfði, þar sem allir sem hafa kynnt sér málið vita hve mjög Ísraelsstjórn er í mun að fegra málstað sinn, sem erfitt er að verja andspænis alþjóðalögum og samþykktum Sameinuðu þjóð-anna.

Hér er einungis átt við þá við-mælendur sem kostur hefði gefist á að ræða við innan ísraelsks þjóðfélags, en auðvitað hlýtur að teljast undarlegt yfir höfuð að blaðamaður þiggi heimboð ríkis-stjórnar Ísraels undir kringum-stæðum sem þessum. Þegar fréttamaður þiggur slíkt boð er hætt við að hann rýri traust sitt og þeirrar fréttastofu sem hann starfar fyrir, enda ljóst að ferð af þessu tagi er ekki skipulögð af hálfu Ísraelsstjórnar til að draga

upp bjarta mynd af baráttu Pal-estínumanna, hvernig svo sem hún tryggir útkomuna. Þess má geta að virtar fréttastofur á borð við CNN ræða reglulega við óháða Palestínumenn á borð við Hanan Asrawi og Dr. Mustafa Barg-houthi, sem ekkert hefði verið til fyrirstöðu að rætt hefði verið við í ferðalaginu, nema gestgjafinn hafi sett skilyrði um annað en þá hefði boðið vitanlega ekki átt að vera þegið.

Félagið lýsir þar að auki yfir almennum áhyggjum sínum yfir slægum frétt aflutningi af átök-um Palestínumanna og Ísraels-hers, þar sem hvorki er reynt að varpa ljósi á sögulegan bak-grunn atburðanna, sem væri gustukaverk í málefni sem dynur í eyrum landsmanna dag eftir dag, né styrkshlutföllunum í deilunni sýnd verðskulduð athygli. Það er ekki afsakanlegt að ala á þeirri skoðun, sem oft gætir í fréttum frá stofunni, að hér sé um að ræða deilu tveggja jafningja þar sem „sjaldan veldur einn þá tveir deila“ þegar 90% fallinna eru Palestínumenn, þegar ein milljón Palestínumanna býr á jafn stóru landsvæði og sex þús-und ísraelskir landnemar, og þegar forsætisráðherra Ísraels er dæmdur stríðsglæpamaður í eigin landi sem starfrækir her sinn með 300 milljarða dala styrk frá mesta herveldi heims árlega í baráttu sinni við ráðvilltan æskulyð í undir-okuðu þjóðfélagi.

Það er von félagsins að fréttastofa Ríkissjónvarpsins-Sjónvarps hafi vilja til að rétta úr kútnum, t.d. með því að sýna heimsókn Dr. Mustafa Barghouti hingað til lands í byrjun júní nk. áhuga þegar þar að kemur.

Virðingarfyllt,

Víðar Þorsteinsson
meðstjórnandi Félagsins
Ísland-Palestína

Alfleiðingar uppreisnarinnar í Palestínu

Þann 28. september hófst seinni Intifada uppreisn Palestínumanna fyrir grundvallarmannréttind-um sínum og gegn hernámi í heimalandi sínu. Á um sjö mánaða tímabili, frá 28. september til 1. maí, drápu ísraelskir hermenn og landránsmenn 492 Palestínumenn, slösuðu 23.147 (40% þeirra börn) og örkuðu um 2.000 manns. Á sama tíma hafa fjórir Palestínískir læknar verið drepnir, 9 sjúkraliði og um 70 blaðamenn hafa særst. Ísraelska hernámssliðið hefur eyðilaggt 9 sjúkrahús og skotið á 82 þeirra.

Efnahagur Palestínumanna hefur nánast verið lagður í rúst síðan uppreisnin í Palestínu hófst. Atvinnuleysið á herteknu svæðunum hefur farið í 56% og efnahagslegt tjón Palestínumanna er talið nema 4,4 milljónum bandaríkjadala. Tala Palestínumanna sem lifir undir fátæktarmörkum hefur tvöfaldast og er nú 1,3 milljónir. Palestínískir bændur hafa orðið fyrir miklu tjóni enda hefur her-námssliðið eyðilaggt 108 vatnsbrunna. 3.802 metra af vatnsrörum, 41.015 metra af girðinum og veggjum og um 25.000 olívu og ávaxtatré.

Á þessu sjö mánaða tímabili hafa Ísraelsk yfirvöld handtekið 1.850 Palestínumenn, helmingur þeirra börn undir 18 ára aldri. Þau hafa einnig fyrirskipað lokanir á 41 skóla og skotið á eða varpað sprengjum á 30 skóla á herteknu svæðunum. 42 námsmenn létu lífið fyrstu tvo mánuði uppreisnar-innar. Ísraelski herinn hefur skemmt um 4.000 byggingar á herteknu svæðunum; hundruðir heimila hafa verið lögð algerlega í rúst, 12 kirkjur og 30 moskur.

-Eldar Ástþórsson